

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/284****2022/EES/47/18****frá 16. desember 2021**

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í flangar flúrperur með tveimur sökkklum til almennrar lýsingar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum b-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um tilteknu undanþegnu notkunina sem um getur í III. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Kvikasilfur er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 4) Með ákvörðun 2010/571/ESB ⁽²⁾ veitti framkvæmdastjórnin meðal annars undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í flangar flúrperur með tveimur sökkklum til almennrar lýsingar (hér á eftir nefnd undanþágan) sem er núna skráð sem undanþága 2.a.1, 2.a.2, 2.a.3, 2.a.4 og 2.a.5 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 21. júlí 2016 í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.
- 5) Kvikasilfur er notað í flangar flúrperur með tveimur sökkklum til almennrar lýsingar til að framleiða útfjólublátt ljós sem er síðan breytt í sýnilegt ljós með flúrhúðun á ljósaperunni.
- 6) Framkvæmdastjórninni bárust tvær umsóknir um endurnýjun á undanþágunni (hér á eftir nefndar umsóknirnar um endurnýjun) 19. desember 2014 og 15. janúar 2015, sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB, en önnur þeirra var uppfærð með endurnýjaðri umsókn 20. janúar 2020. Í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um umsóknina um endurnýjun hefur verið samþykkt.
- 7) Í mati á umsóknunum um endurnýjun, þar sem tekið var tillit til tiltækileika staðgönguefna og félagslegra og hagrænna áhrifa útskiptingar, var komist að þeirri niðurstöðu að nægilega áreiðanleg staðgönguefni án kvikasilfurs séu nú fánleg fyrir þær gerðir ljósapera sem falla undir undanþáguna og að það sé vísindalega og tæknilega mögulegt að skipta út kvikasilfri. Enn fremur var í matinu komist að þeirri niðurstöðu að ávinningurinn af útskiptingu vegi augljóslega þyngra en skaðleg áhrif.
- 8) Mat á umsóknunum um endurnýjun fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Athugasemdirnar sem bárust meðan á þessu samráði stóð voru gerðar aðgengilegar öllum á sérstöku vefsetri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. september 2010 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágu varðandi búnað sem inniheldur blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómuð bífenýl eða fjölbrómaða dífenýlmeta, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (Stjttíð. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 28).

9) Þar eð skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB eru ekki lengur uppfyllt ætti að hafna umsókninni um endurnýjun. Fastsetja ætti dag þegar undanþágan fellur úr gildi í samræmi við 6. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

10) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. október 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslanna 2.a, 2.a.1, 2.a.2, 2.a.3, 2.a.4 og 2.a.5 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

	Undanþága	Gildissvið og gildistími
„2.a	Kvikasilfur í flöngum flúrperum með tveimur sökklum til almennrar lýsingar sem fer ekki yfir (hver pera):	
2.a.1	Þrífosfórperur með venjulegan endingartíma og röðþvermál < 9 mm (t.d. T2): 4 mg	Fellur úr gildi 24. febrúar 2023
2.a.2	Þrífosfórperur með venjulegan endingartíma og röðþvermál ≥ 9 mm og ≤ 17 mm (t.d. T5): 3 mg	Fellur úr gildi 24. ágúst 2023
2.a.3	Þrífosfórperur með venjulegan endingartíma og röðþvermál > 17 mm og ≤ 28 mm (t.d. T8): 3,5 mg	Fellur úr gildi 24. ágúst 2023
2.a.4	Þrífosfórperur með venjulegan endingartíma og röðþvermál > 28 mm (t.d. T12): 3,5 mg	Fellur úr gildi 24. febrúar 2023
2.a.5	Þrífosfórperur með langan endingartíma (≥ 25 000 klst.): 5 mg	Fellur úr gildi 24. febrúar 2023“